samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 53. 18. marz 1967.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Landmannaafréttar, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Landmannaafréttar. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

2. gr.

a. Félagssvæðið tekur yfir öll vötn á Landmannaafrétti og afrennsli þeirra svo og frárennsli þeirra að Tungnaá, að undanskyldu Þórisvatni og Kirkjufellsvatni.

b. Félagið nær til allra jarða í Holtahreppi, en þær eru:
Árbæjarhellir, Árbær, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún, Lyngás, Litla-Tunga I, Litla-Tunga II, Efri-Rauðalækur, Brekkur I, Brekkur II, Syðri-Rauðalækur, Arnkötlustaðir, Meiri-Tunga I, Meiri-Tunga II, Meiri-Tunga III, Þjóðólfshagi I, Þjóðólfshagi II, Fosshólar, Lýtingsstaðir, Hvammur, Nefsholt I, Laugaland með Nefsholti II, Gata, Marteinstunga, Hallstún, Bjálmholt, Ölversholt, Ölversholtshjáleiga, Pula, Kaldakinn, Mykjunes, Skammbeinsstaðir I, Skammbeinsstaðir II, Skammbeinsstaðir III, Skammbeinsstaðir IV, Þverlækur, Lækur I, Lækur II, Akbraut, Stúfholt I, Stúfholt II, Stúfholshjáleiga, Saurbær, Kaldárholt, Ketilsstaðir, Hagi, Guttormshagi, Kvíárholt, Hreiður, Raftholt, Gíslholt, Kambur.
Félagið nær til allra jarða í Landmannahreppi, en þær eru:
Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Árbakki, Bjalli, Efra-Sel, Fellsmúli, Flagbjarnarholt efra, Flagbjarnarholt neðra, Galtalækur, Hellar, Heysholt, Hjallanes I, Hjallanes II, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hróflsstaðahellir með Tjörfastöðum, Húsagarður, Hvammur norðurbær með Árbæ og Hvammi III, Hvammur, suðurbær, Króktún, Leirubakki I, Lunansholt, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Minni-Vellir, Múli með Litla-Klofa, Neðra-Sel, Réttarnes, Skarð með Skarðseli, Skarfanes, Snjallsteinshöfði, Stóri-Klofi, Borg, Eskiholt, Mörk, Ósgröf, Skarðstorfa, Stóru-Vellir, Yrjar, Vatnagarður, Vindás, Þúfa, Lunansholt II, svo og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

a. Að viðhalda veiði í þeim vötnum, sem þegar er veiði í.

b. Að rækta fisk í þeim vötnum, sem fisklaus eru, en talin eru vel fallin til fiskiræktar. Með því að stilla veiði í hóf. Flytja lifandi silung milli vatna, frjóvga hrogn og flytja á milli. Kaupa seiði og setja í vötn, þar til félagið hefur komið sér upp eigin klakstöð.

c. Að sjá um, að menn á félagssvæðinu hafi aðgang að ákveðnum veiðivötnum og megi stunda þar veiði samkvæmt þeim reglum, er stjórn veiðifélagsins setur þar um og samþykktar eru á fundum í félaginu.
d. Að leigja út veiði.

4. gr.

Enginn má stunda veiði á félagssvæðinu nema með leyfi félagsstjórnar. Veiðimönnum skal látið í té skriflegt veiðileyfi og er þeim skylt að vera með það á sér meðan þeir stunda veiðina og sýna það, ef þess er óskað. Í leyfinu skal tekið fram um veiðistað, veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

a. Stjórn félagsins skipa fimm menn, tveir úr Holtahreppi og tveir úr Landmannahreppi ásamt Næfurholti og Hólum, en fimmti maður úr hópi allra félagsmanna. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að sá sem kosinn er úr hópi allra félagsmanna gengur út eftir eitt ár, tveir, þ. e. einn úr hvorum hreppi eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram. Varamenn í stjórn skulu vera fimm og kosnir á sama hátt. Endurskoðendur skulu vera tveir, kosnir á sama hátt og stjórnin. Sami háttur skal hafður um kosningu varaendurskoðenda.
b. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn. Formaður skal vera aðalframkvæmdastjóri félagsins og boða til stjórnarfunda, ef hann eða aðrir stjórnarnefndarmenn óska eftir.
c. Stjórnin ræður veiðiverði og aðra starfsmenn, sem hún telur þörf á.
d. Formaður hefur á hendi reikninga og fjárreiður félagsins.
e. Stjórnin kýs sér fundarritara.
f. Aðalfundur skal haldinn í marz eða apríl ár hvert. Á aðalfundi gefur stjórnin skýrslu um starfsemi á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins.
g. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrár, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53, 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. marz 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.